

Fundargerð 279. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: þriðjudagur 18. apríl 2023
Fundartími: 9:00-12:00
Fundarmenn: Árni Eiríksson oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Elín Höskuldsdóttir

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Samþykkt að bæta við dagskrá fundarins styrkbeiðni frá Búnaðarfélagi Villingaholtshrepps undir lið 9 ásamt trúnaðarmálum undir lið 12. Anna Dóra Jónsdóttir ritaði fundargerð.

1. Ársreikningur Flóahrepps 2022 – fyrri umræða

Fyrir liggur ársreikningur Flóahrepps fyrir árið 2022 til fyrri umræðu í sveitarstjórn ásamt endurskoðunarskýrslu. Auðunn Guðjónsson mætti til fundarins og fór yfir ársreikning Flóahrepps og endurskoðunarskýrslu 2022. Ársreikningi Flóahrepps 2022 ásamt endurskoðunarskýrslu vísað til síðari umræðu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. Ársreikningur Flóaljóss 2022

Fyrir liggur ársreikningur Flóaljóss fyrir árið 2022 til kynningar. Ársreikningur Flóaljóss verður tekinn fyrir til samþykktar á næsta fundi sveitarstjórnar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

3. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 258, dags. 12.04.2023

a) Hófgerði L215457: Hófgerði 2: Breyttir skilmálar; Deiliskipulagsbreyting – 2303075

Lögð er fram umsókn um óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til lóðar Hófgerðis. Breytingin tekur til skilmála Hófgerðis 2 þar sem byggingarheimildir verða auknar úr 120 fm íbúðarhúsi á einni hæð í 250 fm íbúðarhús á 1-2 hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Hámarksmaenishæð innan reitsins verði aukin úr 5 m í 8,5 m. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykka viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslagu nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Fyrir liggur umsókn um óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til lóðar Hófgerðis. Breytingin tekur til skilmála Hófgerðis 2 þar sem byggingarheimildir verða auknar úr 120 fm íbúðarhúsi á einni hæð í 250 fm íbúðarhús á 1-2 hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Hámarksmaenishæð innan reitsins verði aukin úr 5 m í 8,5 m. Sveitarstjórn samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslagu nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi telur sveitarstjórn ekki þörf grenndarkynningu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Ölvisholt land L166325 (Miklholt); Lóð 1 og 2; Deiliskipulagsbreyting – 2304003

Lögð er fram tillaga sem tekur til breytinga á deiliskipulagi að Ölvisholt Landi (Miklholt) L166325. Í breytingunni felst að heimilt verði að stofna tvær nýjar lóðir innan jarðarinnar þar sem heimilt verði að byggja allt að 2.500 fm hesthús/reiðskemmu og 300 fm sumarhús. Eftir breytingu verði því heimild fyrir

tveimur frístundahúsum og einu hesthúsi. Fyrir er innan svæðisins hesthús og frístundahús.

Svæðið sem skipulagið tekur til er allt skilgreint sem frístundasvæði innan aðalskipulags Flóahrepps. Samkvæmt framlagðri breytingu er gert ráð fyrir því að innan svæðisins geti verið tvö hesthús og þrjú sumarhús en byggingarreitir eru eingöngu skilgreindir umhverfis óbyggð hús innan breytingartillögunnar. Að mati nefndarinnar er uppbygging hesthúsa innan frístundasvæða ekki í takt við stefnumörkun aðalskipulags vegna frístundasvæða. Að mati nefndarinnar er framlögð tillaga að breyttu deiliskipulagi því ekki í takt við aðalskipulag sveitarfélagsins. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að breytingunni verði synjað.

Fyrir liggur tillaga sem tekur til breytinga á deiliskipulagi að Ölvisholti Landi (Miklholt) L166325. Í breytingunni felst að heimilt verði að stofna tvær nýjar lóðir innan jarðarinnar þar sem heimilt verði að byggja allt að 2.500 fm hesthús/reiðskemmu og 300 fm sumarhús. Eftir breytingu verði því heimild fyrir tveimur frístundahúsum og einu hesthúsi. Fyrir er innan svæðisins hesthús og frístundahús.

Svæðið sem skipulagið tekur til er allt skilgreint sem frístundasvæði innan aðalskipulags Flóahrepps. Samkvæmt framlagðri breytingu er gert ráð fyrir því að innan svæðisins geti verið tvö hesthús og þrjú sumarhús en byggingarreitir eru eingöngu skilgreindir umhverfis óbyggð hús innan breytingartillögunnar. Að mati sveitarstjórnar er uppbygging hesthúsa innan frístundasvæða ekki í takt við stefnumörkun aðalskipulags vegna frístundasvæða. Að mati sveitarstjórnar er framlögð tillaga að breyttu deiliskipulagi því ekki í takt við aðalskipulag sveitarfélagsins, forsenda fyrirhugaðrar uppbyggingar er að óska breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Sveitarstjórn Flóahrepps synjar tillögu að breytingu á deiliskipulagi að Ölvisholti Landi L166325.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) **Skálmholt land E L190226; Kvistur; Stofnun lóðar – 2303078**

Lögd er fram umsókn frá Kristínu Benediktsdóttur er varðar stofnun 20.000 fm lóðar úr landi Skálholts land E L190226.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn. Nefndin bendir á að allar framkvæmdir innan lóðar eru háðar vinnslu deiliskipulags sem gerir grein fyrir framkvæmdaheimildum innan lóðarinnar. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.

Fyrir liggur umsókn frá Kristínu Benediktsdóttur er varðar stofnun 20.000 fm lóðar úr landi Skálholts land E L190226.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn og samþykkir erindið. Sveitarstjórn bendir á að allar framkvæmdir innan lóðar eru háðar vinnslu deiliskipulags sem gerir grein fyrir framkvæmdaheimildum innan lóðarinnar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. **Afgreiðslufundir byggingafulltrúa nr. 182, dags. 29.03.2023**

Lagt fram til kynningar.

5. **Samþykktir um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps – fyrri umræða**

Fyrir liggja að nýju samþykktir um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps til fyrri umræðu.

Samþykktirnar voru teknar fyrir á 268. fundi sveitarstjórnar dags, 04.10.2022 en frá þeim tíma bárust athugasemdir frá Innviðarþáuneyti sem bregðast þurfti við ásamt því að breytingar urðu á Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs., breytingar á barnaverndarlögum og breytingar á samþykktum Bergrisans bs. sem taka þurfti inn í samþykktir um stjórn sveitarfélagsins. Að auki komu fram athugasemdir í stjórnsýsluskoðun KPMG í tengslum við endurskoðun fyrir árið 2022 sem teknar voru inn í breytingar á samþykktum. Í fyrirliggjandi samþykktum er því einnig bætt við að framkvæmda- og veitunefnd fari með stjórn Vatnsveitu Flóahrepps og

Flóaljóss og hafi vald til fullnaðarafgreiðslu mála er snúa að veitumálum og rúmast innan fjárhheimilda og er í samræmi við lög, reglur og gildandi samþykkir sveitarfélagsins. Lagfæra þarf texta er varða heimildir til nefnda áður en málið verður lagt fram til síðari umræðu.

Samþykktum að stjórн sveitarfélagsins Flóahrepps vísað til síðari umræðu í sveitarstjórн.

Samþykkt með 4 atkvæðum, Elín Höskuldsdóttir situr hjá.

6. Samningar um skólaakstur

Fyrir liggur að allir samningar vegna skólaaksturs renna út í vor. Núverandi samningar eru í gildi við fjóra aðila sem reka alls fimm skólabíla á mismunandi akstursleiðum.

Sveitarstjórн Flóahrepps lýsir yfir vilja til að endurnýja samninga við sömu aðila vegna skólaaksturs og skulu samningar gerðir til að lágmarki eins skólaárs og að hámarki til þrigga skólaára. Lögð er áhersla á að útreikningur á kílómetragjaldi í samningum sé í samræmi við staerð þeirra bíla sem sinna skólaakstri og að uppreikningur á samningum skv. vísítölu neysluverðs verði tvívar á ári hjá öllum aðilum þ.e. 1. febrúar og 1. ágúst ár hvert.

Sveitarstjórna falið að vinna að akstursplani í samráði við stjórnendur Flóaskóla sem gerir ráð fyrir fimm mismunandi akstursleiðum þar sem áhersla er lögð á að hver leið í eða úr skóla fari ekki yfir 50 mínútur að jafnaði fyrir þá nemendur sem sitja lengst í bíl. Samkvæmt reglum um skólaakstur skal daglegur heildartími skólaaksturs, að meðtoldum biótíma, ekki vera lengri en 120 mínútur eða alls 21.600 mínútur á einu skólaári. Sveitarstjórna jafnframt falið að boða núverandi bílstjórna á fund vegna mögulegrar endurnýjunar á samningum eða að öðrum kosti auglýsa eftir bílstjórum á ákveðnar akstursleiðir ef ekki semst um endurnýjun.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Vestur-Meðalholt L165516 – Uppfærð skipulagslýsing – 2302029

Fyrir liggur uppfærð skipulagslýsing vegna Vestur-Meðalholta L165516. Um er að ræða skipulagslýsing vegna nýrrar íbúðarbyggðar í landi Vestur-Meðalholta og breytingar á skilmálum fyrir íbúðarbyggð.

Sveitarstjórн Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við uppfærða skipulagslýsing vegna auglýsingar um skilmálum fyrir íbúðarbyggð.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Erindi frá eigendum Hallanda 2 og Hallanda lands: Vegna nýs deiliskipulags fyrir Fossmýri L224005 – 2302024

Fyrir liggur erindi frá eigendum Hallanda 2 og Hallanda lands vegna auglýsingar um skipulagsmál sem birt var 5. apríl 2023. Í erindi mótmæla eigendur og gera athugasemdir við nokkur atriði vegna þeirrar deiliskipulagstillögu sem var lögð fram og samþykkt af sveitarstjórн til kynningar. Sveitarstjórн þakkar innsett erindi. Ljóst er að samrit erindis hefur verið sent til Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita og munu athugasemdir og mótmæli vera tekin fyrir á fundi skipulagsnefndar eftir að kynningartíma lýkur og þeirri bókun komið áfram á sveitarstjórн Flóahrepps til afgreiðslu. Sveitarstjórн leggur áherslu á að öllum þáttum erindis verði gerð greinargóð skil og mun sveitarstjórн svara erindi formlega í kjölfar bókunar skipulagsnefndar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Styrkbeiðni frá Búnaðarfélagi Villingaholtshrepps

Fyrir liggur beiðni um styrk vegna leigu á minni salnum í Þingborg vegna 130 ára afmælis Búnaðarfélags Villingaholtshrepps. Sveitarstjórн samþykktir að styrkja Búnaðarfélag Villingaholtshrepps með niðurfellingu á húsaleigu fyrir minni salinn í Þingborg vegna 130 ára afmælis félagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Fundargerðir:

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 278, dags. 28.03.2023

b) Framkvæmda- og veitunefndar nr. 13, dags. 13.04.2023

Varðandi lið 1. c. þá samþykktir sveitarstjórн að fela sveitarstjórna að ganga frá verksamning við Börk Brynjarsdóttir vegna hönnunar, kostnaðarmats og gerð útboðsgagna vegna lagningar vatnslagsnara frá Neistastöðum að Skeiðavegamótum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 1.f. þá samþykkir sveitarstjórn að fela Berki Brynjarsyni að fara með eftirlit með framkvæmd á framkvæmdatíma.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- c) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 226, dags. 30.03.2023
- d) Stjórnar Arnardrangs hses. nr. 4, dags. 17.03.2023
- e) Stjórnar Bergrisans bs. nr. 52, dags. 17.02.2023, nr. 53, dags. 17.03.2023 og nr. 54, dags. 03.04.2023
- f) Stjórnar Brunavarna Árnessýslu nr. 7, dags. 11.04.2023
- g) Stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga nr. 204, dags. 29.03.2023
- h) Stjórnar byggðasamlags UTU nr. 100, dags. 04.04.2023
- i) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 921, dags. 30.03.2023
- j) Stjórnar SASS nr. 594, dags. 24.03.2023
- k) Svæðisskipulagnefndar nr. 24, dags. 28.03.2023
- l) Stjórnar Byggðasafns Árnesinga nr. 4, dags. 27.03.2023
- m) Framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga nr. 7, dags. 03.01.2023 og nr. 8, dags. 16.01.2023
- n) Stjórnar Héraðsskjalasafns Árnesinga dags. 21.03.2023

11. Efni til kynningar

- a) Frá nefndasviði Alþingis:
 - a. Til umsagnar 80. mál: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjöleignarhús nr. 26/1994 (gæludýrahald).
 - b. Til umsagnar 860. mál: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaráætlun um þjónustu við eldra fólk fyrir árin 2024-2028.
 - c. Til umsagnar 915. mál: Tillaga til þingsályktunar um matvælastefnu til ársins 2040.
 - d. Til umsagnar 914. mál: Tillaga til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu til ársins 2040.
- b) Aðalfundur Markaðsstofu Suðurlands 4. maí 2023
- c) Kynning á fagháskólanámi í leikskólafræði á landsvísu
- d) Stóri Plokkgdagurinn 30.04.2023
- e) Brúarráðstefna Vegagerðarinnar á Grand Hótel 26.04.2023
- f) Næsti fundur sveitarstjórnar verður haldinn 2. maí kl. 9:00 í Þingborg.

12. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.

Árni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Elín Höskuldsdóttir (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)

Fundarboð 142. fundar fræðslunefndar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg

Fundardagur: Þriðjudagur 18.apríl 2023

Fundartími: Flóaskóli: 16:00 – 16:40

Sameiginleg málefni 16:45 – 17:00

Krakkaborg: 17:00 – 18:00

Kjörnir fulltrúar: 18:00 – 18:30

Fundarmenn: Bjarni Stefánsson, formaður

 Margrét Drífa Guðmundsdóttir, vara formaður

 Axel Páll Einarsson ,ritari

 Sævar Örn Sigurvinsson,Varamaður

 Hjalti Guðmundsson, aðalmaður

Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri Flóaskóla

Sigríður Oddný Stefánsdóttir, fulltrúi kennara Flóaskóla, Boðaði forföll.

Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar

Benidikt Karl Gröndal, fulltrúi starfsmanna Krakkaborgar

Kristrún Jónsdóttir, fulltrúi foreldra Krakkaborgar

Dagskrá:

Flóaskóli:

- Fréttir af skólastarfinu – stutt samantekt.

Skólastjóri fór yfir fréttir af skólastarfi. Þann 14.mars síðastliðinn var alþjóðlegur dagur stærðfræðinnar. Í tilefni dagsins var Flóaskólaáskorun í stærðfræði hleypt af stokkunum í 1.-6.bekk. Flóaskólaáskorun samanstóð af fimm stærðfræðiþrautum sem nemendur tókust á við. Veitt voru tvenn verðlaun, annars vegar var dregið úr innsendum seðlum en einnig voru veitt verðlaun fyrir réttasta sverseðilinn. Nemendur tóku þessari áskorun afar vel, lögðu sig fram og sýndu mikla þrautseigju við að finna lausnir á þrautunum.

Guðrún Ólafsdóttir

M.D.G.

S. S.

312

RE

Bj. St

Nemendur í 8. – 10. bekk fóru í tveggja daga skíðaferð norður á Sauðárkrók í lok mars. Ferðin gekk í alla staði mjög vel og nemendur og kennarar mjög sáttir. Skíðaferðin er samstarfsverkefni skólans og félagsmiðstöðvar og er mikill áhugi á að festa þetta verkefni í sessi sem árlegan viðburð. Þetta er annað árið í röð sem farið er í slíka ferð. Árhártíð nemenda í 1. – 6. bekk fór fram 30. mars þar sem sýnt var leikritið Blái hnötturinn eftir Andra Snæ Magnason. Umsjónakennrarar höfðu veg og vanda að uppsetningu sýningarinnar og nutu aðstoðar kennara í list- og verkgreinum við hönnun og gerð leikmyndar. Sýningin tókst með miklum ágætum við mikinn fögnum áheyrenda. Höfundur leikritsins mætti á sýninguna og þótti takast vel til með uppsetninguna.

Æfingar fyrir Stóru upplestrarkeppni 7. bekkjar stendur nú yfir og verður lokakeppnin innan skólans miðvikudaginn 19. Apríl. Nemendur sem bera sigur úr bínum í þeirri keppni verða fulltrúar Flóaskóla í upplestrarkeppni sem fram fer fimmtudaginn 27. Apríl. Þar keppa auk fulltrúa Flóaskóla nemendur frá Flúðaskóla og Þjórsáskóla.

Keppnin fer fram í Árnesi að þessu sinni.

Skólahópur nemenda í Krakkaborg kemur reglulega í heimsókn í Flóaskóla og eru þau smá saman að venjast aðstæðum í skólanum og kynnast starfsfólk. Fram undan er vorskólavika sem verður 8. – 12. Maí. Í tengslum við það verður kynningafundur fyrir foreldra auk þess sem skilafundur verður með fulltrúum leik- og grunnskóla. Áætlað er að 6 nemendur hefji nám í 1. Bekk næsta skólaár.

Starfsmannasamtölum er að mestu lokið og liggja fyrir væntingar og óskir starfsmanna fyrir næsta skólaár. Búið er að auglýsa lausar kennarastöður en fyrst og fremst er um að ræða stöður leiðbeinenda sem lögum samkvæmt fá aðeins ráðningu til eins árs í senn. Umsóknarfrestur er til og með 26. Apríl.

Nemendur í 9. og 10. bekk fóru til Reykjavíkur 16. mars og kynntu sér það sem í boði var á Íslandsmeistaramóti iðn- og tæknigreina. Ferð sem þessi er afar mikilvægur liður í náms- og starfsfræðslu nemenda. Þarna gefst þeim tækifæri til að kynnast þessum greinum nánar og ræða við þá sem vinna þessi störf. Kennarar nýttu einnig ferðina til að fara með nemendur á Landnámssýninguna þar sem nemendur gafst kostur á að kynna sér lífið á landnámsöld.

Undirbúningur fyrir þátttöku í skólahreysti hefur staðið yfir í allan veturn og styttist óðum í að keppnin fari fram. Undankeppnin verður í Reykjavík dagana 3. og 4. maí og kemur þá í ljós hvort Flóaskóli eigi lið í lokakeppnninni sem fram fer í Laugardalshöllinni 20. maí. Örvar Rafn íþróttakennari hefur umsjón með þjálfun og vali þátttakenda. Stefnt er að því að fjölmenna á keppnina til að hvetja okkar lið til dáða.

Umræður og spurningar varðandi mönnun í Flóaskóla spunnust upp, vegna fækkunar nemenda og einnig vegna niðurskurðar í Árborg og hugsanlegri fækkun nemenda þaðan.

Einnig komu fram umræður varðandi hvenær þyrfti að rýna erindisbréf um starflýsingu skólastjóra Flóaskóla.

- Umbótaáætlun vegna ytra mats.

ARL

Br. St

Skólastjóri kynnir fyrir nefndinni umbótaáætlun vegna ytra mats. Þar skiptir skólastjóri áætlun niður í 4 þætti sem skiptast niður í; Tækifæri til umbóta, Aðgerðir Skóla/sveitafélags til umbóta, ábyrgð og tímaáætlun.

Umbótaáætlunin er opinbert plagg og er hægt að nálgast hana inná vef menntamálastofnunar.

3. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Bjarni Stefansson
Gunnlaug Hattínausdóttir
Margrét Ólafsdóttir Auðmunda
Sæmundur Þorsteinsson
Axel Ólafsson Einarsson

Sameiginlegt:

4. Skóladagatöl Flóaskóla og Krakkaborgar, staðfest. Skólastjórar fara yfir breytingar á skóladagatölum og bera saman bækur sínar. Skólastjóri Flóaskóla hvetur til frekara samstarfs milli skólanna og stingur uppá einhverjum sameiginlegum fræðslu degi starfsmanna.
Fræðslunefnd mun rýna nýtt skóladagatal með nýjum skólastjóra þegar hann/hún tekur til starfa.
5. Önnur mál.

Bon Stofnun
Grundlag Héruðunsel
Sara

Benedikt Þorlóðsson
Margrét Ólafsa Guðmundsdóttir

Kristján Jónsdóttir
Gunnhildur Þórhallsdóttir
Sigrun Ólafsson
Axel Pau Vinarsson

Krakkaborg:

6. Fréttir af leikskólastarfinu – stutt samantekt. Leikskólastjóri ræðir aðeins starfsmannahald, óverulegar breytingar. Annars bara gott að frétta.
7. Niðurstöður starfsmannakönnunar. Niðurstöðurnar voru með ágætum miðað við landsmeðaltal, vinnuálag er hæfilegt, álag heima fyrir virðist ekki fylgja með á vinnustað, vinnandi og vinnuaðstaða þykir góð. Leikskólastjóri metur svo að það þurfi að nýta starfsdaga betur vegna spurningar, varðandi samræður um starfið. starfsmanna viðtöl mættu vera betur framsett en þau eru stöðluð og gagnsemi viðtalanna er á reiki.
8. Nýting á leikskólaplássi í Krakkaborg. Leikskólastjóri fer yfir nýtingu á leikskólanum og kynnir fyrir nefndinni samantekt sem hún gerði eftir síðasta fund Fræðslunefndar. Umræður voru um kostanaðarhlíðina og hversu mikið fer í fræðslumál í Fróahreppi.
9. Önnur mál.

Bjarni Stefansson

Sara

Margrét Ólafra Guðmundsdóttir

Knstrún Jónsdóttir

Gunnur Guðm.

Sonja Særin

Axell Þóra Þórsson

Kjörnir fulltrúar:

10. Erindisbréf fræðslunefndar. Nefndin fjallaði um erindisbréf fræðslunefndar sem Samþykkt var á sveitarstjórnarfundi 27.06.2016
Nefndin leggur til að verði bætt við erindisbréfið „að nefndin fylgjast með fyrrkomulagi heilsugæslu í Flóaskóla“.
11. Siðareglur kjörinna fulltrúa í Flóahreppi eru lagðar til kynningar
12. Önnur mál

Bjarni Stefansson
Axel Pál Einarsson
Sons d. son =
Hann Guðrúnar
Margrét Þrífja Guðmundsdóttir

Erindisbréf Fræðslunefndar Flóahrepps

Stjórnskipuleg staða

Fræðslunefnd Flóahrepps fer, í umboði sveitarstjórnar, með málefni leik- og grunnskóla samkvæmt lögum og reglugerðum er þar að lúta og því sem sveitarstjórn felur henni. Nefndin skal fylgja samþykkt um stjórn og fundarsköp Flóahrepps hverju sinni.

Skipun nefndar

Í Fræðslunefnd eiga sæti fimm fulltrúar sem sveitarstjórn skipar til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga, laga um leikskóla og laga um grunnskóla. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara. Sveitarstjórn skipar formann nefndarinnar en á fyrsta fundi sínum kýs nefndin sér varaformann og ritara.

Eftirtaldir aðilar eiga rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrensi og tillögurétt: Fulltrúi skólastjóra, fulltrúi leikskólastjóra, fulltrúi kennara, fulltrúi starfsmanna leikskóla, fulltrúi foreldra grunnskólabarna og fulltrúi foreldra leikskólabarna

Hlutverk nefndar.

Fræðslunefnd hefur faglega umsjón með starfsemi leik- og grunnskóla í sveitarfélagini. Nefndin skal hafa eftirlit með því að stofnanir og deildir starfi innan ramma laga, reglugerða og samþykktá á hverjum tíma.

Hlutverk nefndarinnar er:

- Að sjá til þess að öll skólastyld börn sem eiga rétt á skólavist í sveitarfélagini njóti lögboðinnar fræðslu.
- Að staðfesta starfsáætlun, skóladagatal, og skólanámskrá leik- og grunnskóla.
- Að fylgjast með framkvæmd náms og kennslu í sveitarfélagini og gerð skólanámskrár og gera tillögur til skólastjóra og/eða sveitarstjórnar um umbær tur í skólastarfi.
- Að fylgjast með og stuðla að því að nemendum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu.
- Að sjá til þess að börn með sérþarfir fái viðeigandi þjónustu.
- Að sjá til þess að jafnan sé fyrir hendi viðeigandi húsnæði fyrir kennslu og annað aðbúnaður, þ.m.t. útvistar- og leiksvæði nemenda.
- Að hafa eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt og gera tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur.
- Að stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar.
- Að hafa eftirlit með því að skólastefna sveitarfélagsins sé virk í skólastofnunum sveitarfélagsins og að unnið sé eftir skólastefnunni.
- Að sjá til þess að skólar vinni markvisst að gerð innra mats á skólastarfinu og umbótaáætlunum í kjölfar þess.
- Að veita umsögn um fjáhagsáætlunar leikskóla og grunnskóla, áður en þær eru endanlega afgreiddar af sveitarstjórn.
- Auk verkefna sem nefndin hefur með höndum skv. lögum og erindisbréfi þessu getur sveitarstjórn falið henni ýmis mál með samþykktum eða erindisbréfum.
- Að fylgjast með fyrirkomulagi skólaheilsugæslu í grunnskóla.

Nefndin leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna séu fyrst og fremst í þágu allra íbúa sveitarfélagsins og það leggur þær skyldur á herðar fulltrúum að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum hvort heldur sínum eigin eða einstakra hópa.

Með vísan til 2. mgr. 47. gr laga nr. 91/2008 um grunnskóla og 2. mrg 30. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla skal beina kærum vegna ákvarðana skv. 1. mgr. 47 gr. grunnskólalaga og 1. mgr. 30 gr. leikskólalaga til fræðslunefndar áður en unnt er að kæra slíka ákvörðun til ráðherra. Ef fræðslunefnd fær til meðferðar kærumál samkvæmt ákvæðum laga er varða nefndina, gilda um meðferð kærumálsins reglur stjórnsýslulaga.

Starfshættir.

Fraðslunefnd kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma. Skal nefndin gera samþykkt um fundartíma á fyrsta fundi sínum. Nefndin skal halda gerðabók fyrir fundargerðir. Í gerðabók skal skrá hvar og hvernær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál sem tekin eru fyrir á fundinum. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana. Trúnaðarmál skal færa í sérstaka gerðabók, trúnaðarbók. Heimilt er að færa fundargerð nefndarinnar beint á tölvu skv. gildandi reglum sem sveitarstjórn setur.

Formaður sér um að boða fundi, fundarboðun skal vera með rafrænum hætti og skal tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð ásamt fundargögnum skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Formaður stýrir fundi nefndarinnar.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti kjörinna nefndarmanna er mættur. Í atkvæðagreiðslu ræður meirihluti atkvæða. Mál falla í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla á jöfnu.

Eftirfylgni:

Fundargerðir fræðslunefndar skulu lagðar fram á sveitarstjórnarfundum til kynningar . Formleg erindi sem þarfust staðfestingar sveitarstjórnar skulu sérstaklega tilgreind í fundargerðum.

Réttindi og skyldur fulltrúa:

Um réttindi og skyldur fulltrúa gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktir um stjórn og fundarsköp Flóahrepps.

Fræðslunefndarfulltrúa er skylt að sækja fundi nema lögmað forföll hamli. Tilkynna ber formanni um forföll með góðum fyrirvara. Formaður skal boða varamann í hans stað.

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skili hann efni þess til formanns a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín í nefndinni og eru atkvæðisbærir fundarmenn ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn og fundarsköp Flóahrepps í atkvæðagreiðslu um málefni nefndarinnar.

Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og ætla má að leyt eigi að fara samkvæmt eðli máls eða lögum. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna og áheyrnarfulltrúa gilda ákvæði sveitartjórnarlaga. Fulltrúi skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenn hans eða nánustu

venslamenn svo mjög að ætla má að það móti afstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

Starfsmannamál:

Fraeðslunefnd veitir umsögn um auglýsingu eftir skólastjóra og leikskólastjóra, hverju sinni. Sveitarstjórn ræður skólastjóra/leikskólastjóra í samráði við formann fræðslunefndar sem hefur það hlutverk að koma upplýsingum til fræðslunefndar í ráðningarárferlinu.

Ráðningar kennara og annarra starfsmanna eru á valdi skólastjóra. Upplýsa skal fræðslunefnd um allar ráðningar starfsmanna við skólann. Fyrir skal liggja að viðkomandi stöðugildi rúmist innan fjárhagsáætlunar eða liggi fyrir sérstök samþykkt sveitarstjórnar fyrir stöðugildinu.

Lög og reglugerðir:

Í störfum sínum skal nefndin taka mið af þeim lögum og reglugerðum, sem um fræðslumál gilda, sérstaklega þó lögum nr. 91/2008 um grunnskóla og lögum nr. 90/2008 um leikskóla hverju sinni. Þá skal nefndin fylgja samþykkt um stjórn og fundarsköp Flóahrepps eins og hún er hverju sinni og kynna sér ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Með samþykkt erindisbréfs þessa er fellt úr gildi erindisbréf fræðslunefndar Flóahrepps dag. 6. október 2010.

Samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps xx.xx.xxxx

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Samband Íslenskra
sveitarfélaga

Skóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla:

Flóaskóli

ÁGUSTI	SEPTMBER	OKTÓBER	NÖVEMBER	DESEMBER	JANJAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MAY	JÚNI
1 p	1 F	1 S	1 M	1 F	1 M Þýrðesður	1 F	1 F	1 M Annar / Þásumum	1 M Verkáðesðurinn	1 L
2 M	2 L	2 M	2 F	2 L	2 P Síðusíður	2 F	2 L	2 P	2 F	2 S Siðmannadagurinn
3 F	3 S	3 D	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M Út- og grændarárin...
4 F	4 M	4 L	4 M	4 L	4 M	4 S	4 M	4 F	4 L	4 P Skólastí
5 L	5 P	5 F	5 S	5 P	5 F	5 M	5 P	5 F	5 S	5 M Undibunings- og
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M	6 L Þrettandi	6 P Dagur leikskolans	6 M	6 L	6 M	6 F Undibunings- og
7 M	Friddagur verslunarmanna	7 F	7 L	7 P	Einsundisdagur þegar einnill...	7 F	7 M Dagur tónlistarskólaans	7 F	7 S	7 P Undibunings- og
8 P	8 F	Dagur lesvis	8 S	8 M Vinnudagur	8 F	8 M	8 F	8 M	8 M	8 L
9 M	9 L	9 M	9 F	9 L	9 P	9 F	9 L	9 P	9 F	9 S Úppstigningardagur
10 F	Starfþróun og undibuningsgur	10 S	10 P	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 M
11 F	Starfþróun og undibuningsgur	11 M	11 L	11 M	11 F	11 M	11 S Dagur Íslenska táknumálaans	11 M	11 F	11 L
12 L	12 P	12 F Haustfi	12 S	12 P	12 F	12 M Bellidagur	12 P	12 F	12 S	12 M
13 S	13 M	13 F Haustfi	13 M	13 M	13 L	13 P Sverðdagur	13 M	13 L	13 M	13 F
14 M	Starfþróun og undibuningsgur	14 F	14 L	14 P	14 F	14 S	14 M Óskadagur - nemendur heim	14 F Dagur stærðsfræðimar...	14 S	14 F
15 P	Starfþróun og undibuningsgur	15 F	15 S	15 M	15 F Jólahringingukur	15 M	15 F Símiðagur	15 F	15 M	15 L
16 M	Undibunings- og	16 L	Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 F Vefsíðagur	16 L	16 F	16 P	16 L	16 S
17 F	Undibunings- og	17 S	17 P	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 M Lyfðveldisdagurinn
18 F	Undibunings- og	18 M	18 L	18 M	18 M Jólahringingukur	18 F	18 S Konudagur - upphaf Góu	18 M	18 F	18 L
19 L	19 P	19 F	19 S	19 P Útvarinn í gáskú	19 F Þordagur - upphaf Þóra	19 M Vetrarfi	19 P	19 F	19 S Hlíðasamudagur	19 M
20 S	20 M	20 F	20 M	Dagur mannréttinda barna	20 M Síðujó	20 L	20 P Vetrarfi	20 M	20 L	20 M Annar í Hlíðasumu
21 M	21 F	21 L	21 P	21 F Jólfari	21 S	21 M	21 F	21 S	21 P	21 F
22 P	22 F	22 S	22 M	22 F Jólfari	22 M	22 F	22 F	22 M	22 L	22 L
23 M	Skólastefning	23 L	23 M	23 F	23 L Þorláksmessa	23 P	23 F	23 L	23 F	23 S
24 F	Út- og grændarárin...	24 S	24 P	24 F	24 S Adfengingdagur / Ífa	24 M	24 L	24 S Þalmesunnudagur	24 M	24 F
25 F	Út- og grændarárin...	25 M	25 L	25 M Þubadagur	25 F	25 S	25 M Þáskálfir	25 F Sumudagurinn fyrsti	25 L	25 P Fjöldagurðagur fóresta
26 L	26 P Eimskipa tungumálaðagurinn	26 F	26 S	26 P Annar í júlum	26 F	26 M	26 P Þáskálfir	26 F	26 S	26 M Islands (Gu)
27 S	27 M	27 F	27 M	27 M Jólfari	27 L	27 P	27 M Þáskálfir	27 L	27 M	27 F
28 M	Hásthús Konara kl. 13:00 /	28 L	Fyrsti vetrardagur	28 P	28 F Jólfari	-	28 M	28 F Skírðagur	28 S	28 F
29 P	Stáveldagur - Hásthús Konara / Menntavefur	29 S	29 M	29 F Jólfari	29 M	29 F Festudagurinn langi	29 M	29 F Blámaðagur	29 M	29 L
30 M	30 L	30 M Skertur dagur heim kl. 12:00	30 F	30 P	30 L	30 P	30 L	30 P Skertur dagur	30 F	30 S
31 F	31 P Vefsíðagur	31 S	Gamlareiðagur	31 M	31 S	Paskedagur	31 F	31 S	31 F	2
7	20	20	23	21	19	18	20	18	20	20

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslenskulu skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.
Sérstakir starfsdagar kennara á starftíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsíjun af kjarasamningum.

Starfsdagar kennara utan starftíma nemenda eru 8.

Umhverfis og samgöngunefnd

Fundur 18. apríl 2023

Kl. 20:10 í Þingborg

Mætt:

Jakob Nielsen Kristjánsson
Helena Hólm
Helgi Sigurðsson
Svanhvít Hermannsdóttir
Halla Kjartansdóttir

Fundarritari: Svanhvít Hermannsdóttir

1. Loftslagsstefna sveitarfélaga. Helena Hólm tekur að sér að vera fulltrúi sveitarfélagsins á fundum SASS.

2. Meðhöndlun dýrahræja. Umræða um að hræsöfnunarbill gangi á milli bæja. Huga að samstarfi við önnur sveitarfélög til þess að ná kostnaði niður.
Kostnaðargreina þarf hvað kostar förgun á
grip/stórgrip/kindur/minkum/kjúklingum/svínum, áður en lengra er haldið.
Rukkað væri í samræmi við það sem að aðiljar væru að losa sig við og þar gildir hugmyndafræðin: "Borga sem henda".

3. Hreinsunarátask. Tillaga okkar er sú að samið verið við íslenska Gámafelagið að opið verði fyrir íbúa Flóahrepps að koma með úrgang til förgunar, íbúum að kostnaðarlausu. Vikan 22.-27. maí nk kemur til álita. Ef kostnaður hlýst af þessu átaki verði skilagjaldið nýtt til að dekka umræddan kostnað. Átakið verði vel auglýst og samfélagið komið í sparibúning fyrir Fjör í Flóa.

4. Erindisbréf - samþykkt.

5. Önnur mál. Stóri plokkdagurinn 30. apríl nk. Vekja athygli á deginum og hvetja íbúa til þess að taka til í sínu nærumhverfi. Auglýsa á Bændur í Flóahreppi og heimasiðu hreppsins.

"Mótum sjálfbæra framtíð" - fundur á Hótel Selfossi 25. apríl nk.

6. Umhverfisverðlaun - auglýst verður eftir tilnefningum. Ef engin tilnefning berst, mun nefndin leggja til að verðlaunin verði ekki veitt þetta árið.

Helena Hólm
Helgi Sigurðsson
Halla Kjartansdóttir
Svanhvít Hermannsdóttir
Jakob Nielsen Kristjánsson

Erindisbréf fyrir umhverfis- og samgöngunefnd Flóahrepps

Stjórnskipuleg staða:

Nefndin heyrir undir sveitarstjórn og starfar í hennar umboði. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í umhverfis- samgöngumálum og vera til ráðgjafar um úrbætur og nýframkvæmdir í umferðar- og samgöngumálum. Nefndinni er einnig ætlað að hafa frumkvæði að tillögugerð á sviði umhverfis- og samgöngumála til sveitarstjórnar. Nefndin fer með hlutverk náttúruverndarnefndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.

Skipun nefndar:

Í umhverfis- og samgöngunefnd eiga sæti fimm fulltrúar sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára að afloknun sveitarstjórnarkosningum samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara. Sveitarstjórn kýs formann nefndarinnar en á fyrsta fundi sínum kýs nefndin varaformann og ritara.

Sveitarstjóri getur setið fundi nefndar sé þess óskað eða þegar þurfa þykir með málfrelsi og tillögu rétt.

Hlutverk umhverfis- og samgöngunefndar:

Nefndin hefur faglega umsjón með málefnum er varða umhverfis- og samgöngumál í sveitarféluginu þ.m.t náttúruvernd. Nefndin skal starfa innan laga, reglugerða og samþykkta hverju sinni. Nefndin skal starfa í anda stefnu, framtíðarsýnar, hlutverka og gilda Flóahrepps með hliðsjón af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Helstu hlutverk nefndarinnar eru:

- Að gera tillögur til sveitarstjórnar um markmið í umhverfis- og samgöngumálum.
- Að vera umsagnaraðili um þau mál er lúta að umhverfis- og samgöngumálum.
- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um náttúruverndarmál þar sem stuðlað er náttúruvernd innan sveitarfélagsins m.a. með fræðslu og umfjöllun um náttúruverndarmál.
- Að fylgjast með ástandi og koma með tillögur að úrbótum í umhverfis- og samgöngumálum í Flóahreppi.
- Að hafa frumkvæði að aðgerðum til að efla endurvinnslu og endurnýtingu með sorpflokkun í samstarfi við sveitarstjórn.
- Að stuðla að fegrun sveitarfélagsins.
- Að standa fyrir veitingu umhverfisverðlauna í Flóahreppi samkvæmt verklagsreglum um val á umhverfisverðlaunum í Flóahreppi dags. 16. apríl 2009. Horft verði til snyrtilegrar umgengni, fallegra mannvirkja og/eða aðra athyglisverðar aðgerðir á sviði umhverfisverndar.
- Að koma með tillögur að framkvæmd og úrbótum á sorphirðingu.
- Að koma með tillögur að framkvæmd og úrbótum á afsetningu dýrahraða í sveitarféluginu.
- Að vinna með sveitarstjórn í að því að framfylgja gildandi lögum um meðhöndlun úrgangs.

- Að stuðla að virkni hringrásar hagkerfisins.
- Að vinna í samstarfi við ýmis félagasamtök í sveitarféluginu sem koma að umhverfismálum og náttúruvernd.
- Að vinna í samstarfi við hagsmunaaðila um uppbyggingu á útvistarsvæðum og opnum svæðum sveitarfélagsins.
- Að vinna að stefnu Flóahrepps varðandi kolefnisjöfnun í sveitarféluginu.
- Að hafa aðkomu að gerð loftslagsstefnu fyrir sveitarfélagið.
- Að vera sveitarféluginu til ráðuneytis varðandi orkuskipta í samgöngum.
- Að fylgjast með og gera tillögur að úrbótum vegna samgöngumála og umferðarmerkinga í sveitarféluginu (gangandi vegfarendur, hjólreiðamenn, hestamenn, og vélknúin umferð).
- Að vera ráðgefandi og koma með tillögur að bættri vetrarþjónustu á vegum sveitarfélagsins.
- Að vera þrýstiafl á Vegagerðina ásamt sveitarstjórn varðandi umbætur og uppbyggingu á vegum í sveitarféluginu.
- Að taka við erindum frá íbúum og öðrum hagsmunaaðilum og veita umsagnir um þau erindi.

Starfshættir:

Umhverfis- og samgöngunefnd kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma. Nefndin skal funda að jafnaði annan hvern mánuð. Skal nefndin gera samþykkt um fundartíma á fyrsta fundi sínu. Fundur skal þó falla niður sé umfjöllunarefni ekkert.

Nefndin skal halda gerðabók fyrir fundargerðir. Í gerðabók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál sem tekin eru fyrir á fundinum. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana. Trúnaðarmál skal færa í sérstaka gerðarbók, trúnaðarmálabók. Heimilt er að færa fundargerð nefndarinnar beint á tölvu skv. gildandi reglum sem sveitarstjórn setur.

Formaður sér um að boða fundi, fundarboðun skal vera skrifleg og skal tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Fundirnir eru boðaðir með rafrænum hætti.

Formaður stýrir fundum nefndarinnar.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti kjörinna nefndarmanna er mættur á fundi. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla á jöfnu.

Formaður skal snúa sér til sveitarstjóra/sveitarstjórnar með eftirfylgni staðfestra samþykktu nefndarinnar.

Réttindi og skyldur fulltrúa

Um réttindi og skyldur fulltrúa gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktir um stjórn og fundarsköp Flóahrepps.

Fulltrúa er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Hann skal láta formann vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver fulltrúi á rétt á að koma málum á dagskrá fundar, enda skili hann efni þess til formanns a:m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín í nefndinni og eru atkvæðisbærir fundarmenn ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn og fundarskóp Flóahrepps í atkvæðagreiðslu um málefni nefndarinnar.

Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir umhverfis- og samgöngunefnd og ætla má að leynt eigi að fara samkvæmt eðli máls eða lögum. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna og áheyrnarfulltrúa gilda ákvæði sveitarstjórnlaga. Fulltrúi skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn.

Lög og reglugerðir:

Fulltrúar í umhverfis- og samgöngunefnd skulu kynna sér þau lög og þær reglugerðir sem gilda um þá málaflokka sem heyra undir nefndina og samþykktir og reglur sem sveitarstjórn hefur sett. Það á einnig við um samninga og/eða samstarf við önnur sveitarfélög. Nefndin skal gæta ákvæða stjórnsýslulaga við meðferð mála.

Önnur ákvæði samkvæmt lögum:

Umhverfisnefnd er falið að taka fullnaðarákvörðun um matsskyldu framkvæmdar þegar sveitarfélagið sjálft er framkvæmdaraðili, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 með síðari breytingum. Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu umhverfis- og samgöngunefndar eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska eftir endurupptöku máls í nefndinni með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji umhverfis- og samgöngunefnd að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal nefndin taka málið upp að nýju. Þá skal aðila leiðbeint um rétt sinn til að skjóta afgreiðslu nefndarinnar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan tiltekins frests, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

*Samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps xx.xx.xx
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri*

Fundargerð 59. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2023, föstudaginn 24. mars kl. 08:30 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Jónína Brynjólfssdóttir, Knútur Emil Jónasson og Einar Kristján Jónsson.

Að auki sat fundinn: Jóhannes Águst Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Niðurstöður vinnustofu - drög frá KPMG - 2202003SO

Ísleifur og Jónína kynntu fyrir stjórninni vinnu starfsnefndarinnar. Stjórnarmenn voru almennt ánægðir með vinnu starfsnefndarinnar og telja að sú vinna sem hefur átt sér stað muni skila árangri.

Farið var yfir helstu atriðin sem komu fram í drögum KPMG. Umræður voru um ýmis atriði sem leggja beri áherslu á. Ráðgjafar KPMG munu taka saman minnisblað sem notað verður til kynningar.

Lagt var fram drög að kynningarefni sem kynna á fyrir aðildarsveitarfélögunum og stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ákveðið var að halda kynningarfund fyrir aðildarsveitarfélögin fimmtudaginn 30 mars kl. 10:30.

Formanni var falið að senda erindi á forsætisráðherra, fjármálaráðherra, innviðaráðherra og umhverfis-, orku- og loftslagráðherra og óska eftir fund.

2. Svarbréf frá ESA vegna skattaívilnunar til raforkufyrirtækja - 2101002SO

Formaður fór yfir stöðuna í ESA málinu. Í svarbréfi frá ESA í febrúar 2023 kom fram að ESA hyggst ekki gera neitt „að svo stöddu“.

Að mati Jóns Jónssonar lögmanni hjá lögmannstofunni Sókn væri mögulega hægt að opna málið hjá ESA síðar meir ef fram kæmu nýjar upplýsingar sem gætu haft áhrif á málið.

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga harmar þessa ákvörðun ESA og þakkar Jóni Jónssyni og Guðjóni Bragasyni fyrir þeirra hjálp í þessu máli.

3. Fundargerðir starfsnefndar um breytingar á tekjum og lagaumhverfi vegna orkuvinnslu - 2202003SO

Lagðar fram til kynningar tvær fundargerðir starfsnefndar um breytingar á tekjum og lagaumhverfi vegna orkuvinnslu, dagsettar 07.03.2023 og 21.03.2023.

4. Önnur mál - 2011004SO

Ákveðið var að halda orkufund 4. maí nk.

Fundi var slitið kl. 09:30

Ása Valdís Árnadóttir

Árni Eiríksson

Jónína Brynjólfsdóttir

Knútur Emil Jónasson

Einar Kristján Jónsson

<input checked="" type="checkbox"/> DIGITAL SIGNATURE	12.4.2023 15:05:08 GMT	<input checked="" type="checkbox"/> DIGITAL SIGNATURE	12.4.2023 15:10:29 GMT	<input checked="" type="checkbox"/> DIGITAL SIGNATURE	12.4.2023 15:30:29 GMT	<input checked="" type="checkbox"/> DIGITAL SIGNATURE	12.4.2023 16:43:18
<i>Jónína Brynjólfssdóttir</i> Jónína Brynjólfssdóttir Reason: Signature		<i>Árni Eiríksson</i> Árni Eiríksson Reason: Signature		<i>Ása Valdís Árnadóttir</i> Ása Valdís Árnadóttir Reason: Signature		<i>Knútur Emil Jónasson</i> Knútur Emil Jónasson Reason: Signature	
<input checked="" type="checkbox"/> DIGITAL SIGNATURE	12.4.2023 17:35:23 GMT	<input checked="" type="checkbox"/> DIGITAL SIGNATURE	12.4.2023 22:20:46 GMT				
<i>Grétar Ingi Erlendsson</i> Grétar Ingi Erlendsson Reason: Signature		<i>Guðny Birna Guðmundsdóttir</i> Guðny Birna Guðmundsdóttir Reason: Signature					

Fundargerð 60. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2023, þriðjudaginn 4. apríl kl. 11:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Guðny Birna Guðmundsdóttir, Jónína Brynjólfssdóttir, Knútur Emil Jónasson og Grétar Ingi Erlendsson.

Að auki sat fundinn: Jóhannes Águst Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Fundargerðir starfsnefndar um breytingar á tekjum og lagaumhverfi vegna orkuvinnslu - 2202003SO**

Lagðar fram til kynningar tvær fundargerðir starfsnefndar um breytingar á tekjum og lagaumhverfi vegna orkuvinnslu, dagsettar 28.03.2023 og 04.04.2023.

Í fundargerð starfsnefndar dagsett 04.04.2023 leggur starfsnefndin fram tillögur til stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga sem eru eftirfarandi :

- a. Að stjórn samþykki tillögur starfsnefndar sem samþykktar voru á fundi 4. Apríl 2023.
- b. Að stjórn boði aukaaðalfund SO til að leggja til samþykktar niðurstöður starfsnefndar.
- c. Að stjórn boði til fundar viðeigandi ráðherra þeim til kynningar í framhaldi af aukaaðalfundi.
- d. Að stjórn feli starfsnefnd frekari starfshheimildir til frekari vinnslu á útfærslum og útreikningum á þeim niðurstöðum sem nú liggja fyrir.

Varðandi a. lið er vísað í dagskrálið 2

Varðandi b. lið er vísað í dagskrálið 3

Varðandi c. lið. Stjórn hefur nú þegar falið formanni að boða viðeigandi ráðherra til fundar. Var það samþykkt á síðasta stjórnarfundi 24 mars sl.

Varðandi d. lið. Stjórn vísar til aukaaðalfundar þar sem ákvörðun verður tekin um framhald starfsnefndar.

2. **Niðurstöður starfsnefndar um breytingar á tekjum og lagaumhverfi vegna orkuvinnslu - 2202003SO**

Jónína Brynjólfssdóttir fór yfir tillögur starfsnefndar.

Stjórn samþykkir tillögur starfsnefndar og þakkar henni fyrir vel unnin störf.

3. Aukaaðalfundur 2023 - 230300250

Stjórn Samþykkir að halda aukaaðalfund Samtaka orkusveitarfélaga 21 apríl kl.11:00. Markmið fundarins er að fá staðfestingu á tillögum starfsnefndar samtakanna um ávinnung af orkuvinnslu.

Stjórn samþykkir eftirfarandi drög að dagskrá:

1. Kynning og samþykkt á tillögum starfsnefndar Samtaka orkusveitarfélaga um ávinnung af orkuvinnslu.
2. Hugarflug um frekari vinnslu á útfærslum og útreikningum á niðurstöðum starfsnefndar.
3. Næstu skref.
4. Kynning á Orkufundi 2023.
5. Önnur mál.

Fundi var slitið kl. 12:00

Ása Valdís Árnadóttir

Árni Eiríksson

Guðný Birna Guðmundsdóttir

Jónína Brynjólfssdóttir

Knútur Emil Jónasson

Grétar Ingí Erlendsson



Fundargerð stjórnar SOS nr. 318

Staður: Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Dagsetning og tími: 17. apríl kl. 11:00.

Mætt voru: Anton Kári Halldórsson (AKH), formaður, Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), Bragi Bjarnason (BB) Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS), sem ritaði fundargerð. Þá mætti á fundinn Bjarni Guðmundsson (BG) frá SASS.

1. Erindi v. urðunar riðusmitaðs fés frá sveitarstjóra Húnaþings Vestra

Formanni hefur borist erindi frá sveitarstjóra Húnaþings Vestra varðandi beiðni um urðun á riðusmituðu fé að norðan vegna yfirstandandandi bilunar Kölku. Umhverfisstofnun hefur upplýst formann um að hún telji Kirkjuferjuhjáleigu hentugan stað til urðunarinnar þar sem þar eru tilskilin leyfi til staðar og svæðið hefur verið nýtt áður til að urða riðusmitað fé. Formaður hefur upplýst bæjarstjóra Ölfuss um erindið.

Stjórn harmar þá stöðu sem upp er komin í Húnaþingi Vestra varðandi riðusmit og sendir hlýjar kveðjur til þeirra sem í hlut eiga. Urðunarstaðurinn að Kirkjuferjuhjáleigu hefur verið í lokunarferli undanfarin ár. Stjórn telur því miður ekki unnt að verða við beiðni um urðun riðusmitaðs fés skv. beiðninni innan starfssvæðis SOS meðal annars vísan til áhættu af meðhöndlun og urðun slíks úrgangs á starfssvæðinu.

2. Önnur mál

Önnur mál ekki rædd.

Fundi slitið klukkan 11:30.

Fundargerð stjórnar byggðasamlags UTU – 98. fundur
haldinn í fjarfundi 22. febrúar 2023 og hófst hann kl. 11:00

Fundinn sátu:

Haraldur Þór Jónsson, Ísleifur Jónasson, Walter Fannar Kristjánsson, Björn Kristinn Pálmarsson, Helgi Kjartansson og Jón Bjarnason.

Fundargerð ritaði: Haraldur Þór Jónsson

1. Geirlaug frá Hagvangi kynnir mat á umsækjendum um starf skrifstofustjóra UTU

Geirlaug Jóhannsdóttir frá Hagvangi leiddi ráðningarferli um starf skrifstofustjóra fyrir UTU. Fyrir fundinn var lögð greinargerð frá Hagvangi sem útskýrði ráðningarferlið. Geirlaug kom inná fundinn og kynnti greinargerðina fyrir stjórn UTU. Alls bárust 15 umsóknir um starfið. Ferlið samanstóð af hæfnismati á umsækjendum byggðu á innsendum umsóknargögnum, stöðluðum hegðunartengdum viðtölum, kynningu í framhaldsviðtali og umsögnum. Til grundvallar matinu lágu skilgreind hæfniviðmið.

2. Ráðning skrifstofustjóra UTU

Umsjón með ráðningarferlinu fyrir hönd stjórnar UTU var í höndum Haraldar Þórs Jónssonar, Björns Kristins Pálmarssonar og Helga Kjartanssonar. Að undangengnu mati á öllum matsþáttum sem fram komu í auglýsingu var það samdóma álit ráðningarteymisins að tveir umsækjendur stóðu eftir. Er það mat stjórnar að bjóða Nönnu Jónsdóttir starf skrifstofustjóra þar sem hún stóð hæðst eftir matsferlið og er formanni stjórnar falið að ganga til samninga við hana.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11:30

Undirritunarsíða

fulltrúi Grímsnes- og Grafningshrepps
Björn Kristinn Pálmarsson



Undirritað af:
Björn Kristinn Pálmarsson
0112824239
Dags: 17.04.2023
Tími: 15:05:52
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: a6afe23e-66ed-48b4-af5e-f4ada888559f

fulltrúi Bláskógabyggðar
Helgi Kjartansson



Undirritað af:
Helgi Kjartansson
0211715499
Dags: 17.04.2023
Tími: 14:32:12
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: a6afe23e-66ed-48b4-af5e-f4ada888559f

fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Haraldur Þór Jónsson



Undirritað af:
Haraldur Þór Jónsson
2705765089
Dags: 17.04.2023
Tími: 14:08:32
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: a6afe23e-66ed-48b4-af5e-f4ada888559f

fulltrúi Hrunamannahrepps
Jón Bjarnason




Undirritað af:
Jón Bjarnason
2501932629
Dags: 17.04.2023
Tími: 14:15:13
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: a6afe23e-66ed-48b4-af5e-f4ada888559f

fulltrúi Ásahrepps
Ísleifur Jónasson



Undirritað af:
Ísleifur Jónasson
1205754309
Dags: 17.04.2023
Tími: 16:25:42
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: a6afe23e-66ed-48b4-af5e-f4ada888559f

fulltrúi Flóahrepps
Walter Fannar Kristjánsson



Undirritað af:
Walter Fannar
Kristjánsson
0609892229
Dags: 17.04.2023
Tími: 14:08:02
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: a6afe23e-66ed-48b4-af5e-f4ada888559f

Fundargerð stjórnar byggðasamlags UTU – 99. fundur
haldinn á Laugarvatni 8. mars 2023 og hófst hann kl. 8:00

Fundinn sátu:

Haraldur Þór Jónsson, Ísleifur Jónasson, Walter Fannar Kristjánsson, Björn Kristinn Pálmarsson, Helgi Kjartansson og Jón Bjarnason.

Fundargerð ritaði: Haraldur Þór Jónsson

1. Drög að ráðningarsamningi við skrifstofustjóra UTU

Formaður stjórnar leggur fram drög að ráðningarsamningi við Nönnu Jónsdóttir. Miðað er við að starfið verði 80% starfshlutfall og að sex mánuðum liðnum verði staðan á starfshlutfallinu metin með skrifstofustjóra.

2. Prókúruumboð skrifstofustjóra

Stjórn samþykkir samhljóða að veita Nönnu Jónsdóttur nýráðnum skrifstofustjóra prókúru embættisins.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 8:30

Undirritunarsíða

fulltrúi Grímsnes- og Grafningshrepps
Björn Kristinn Pálmarsson



Undirritað af:
Björn Kristinn Pálmarsson
0112824239
Dags: 17.04.2023
Tími: 15:06:44
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 262a5bd1-
5366-429f-9242-
9ff531e678c6

fulltrúi Bláskógbryggðar
Helgi Kjartansson



Undirritað af:
Helgi Kjartansson
0211715499
Dags: 17.04.2023
Tími: 14:33:12
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 262a5bd1-
5366-429f-9242-
9ff531e678c6

fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Haraldur Þór Jónsson



Undirritað af:
Haraldur Þór Jónsson
2705765089
Dags: 17.04.2023
Tími: 14:09:44
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 262a5bd1-
5366-429f-9242-
9ff531e678c6

fulltrúi Hrunamannahrepps
Jón Bjarnason



Undirritað af:
Jón Bjarnason
2501932629
Dags: 17.04.2023
Tími: 14:16:12
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 262a5bd1-
5366-429f-9242-
9ff531e678c6

fulltrúi Ásahrepps
Ísleifur Jónasson



Undirritað af:
Ísleifur Jónasson
1205754309
Dags: 17.04.2023
Tími: 16:26:47
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 262a5bd1-
5366-429f-9242-
9ff531e678c6

fulltrúi Flóahrepps
Walter Fannar Kristjánsson



Undirritað af:
Walter Fannar
Kristjánsson
0609892229
Dags: 17.04.2023
Tími: 14:09:05
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 262a5bd1-
5366-429f-9242-
9ff531e678c6



Fundargerð

9. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs. kjörtímabilið 2022 – 2026. Haldinn í Ráðhúsi Árborgar 24. mars 2023 kl. 13:00.

Mætt voru: Helgi Kjartansson formaður, Sandra Sigurðardóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Gestur Kristjánsson og Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður. Kjartans Björnsson boðaði forföll.

1. Fundarsetning

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Engar athugasemdir komu fram vegna fundarboðs.

2. Erindi frá Viðari Arasyni dags 10. febrúar 2023.

Lagt var fram erindi frá Viðari Arasyni dags. 10. febrúar 2023 þar sem kannaður er áhugi Héraðsnefndar á að koma að því að koma upp hjartastuðtækum í byggðakjörnum og á fjölförnum ferðamannastöðum.

Framkvæmdastjórn þakkar bréfritara fyrir gott erindi en ekki er unnt að verða við því þar sem það fellur ekki undir hlutverk og valdsvið héraðsnefndar. Héraðsnefnd beinir því erindinu til aðildarsveitarfélaganna og hvetur þau til að huga að og tryggja að hjartastuðtæki séu aðgengileg á helstu stofnunum og fjölmennum ferðamannastöðum innan síns sveitarfélags.

3. Tryggingamál stofnana Hérðaðsnefndar

Lagður fram tölvupóstur frá Consello dags. 17. febrúar 2023 þar sem farið er yfir tryggingamál stofnana Héraðsnefndar og þau tækifæri sem eru í stöðunni til að ná fram lækkun á tryggingariðgjöldum.

Framkvæmdastjórn felur formanni að ræða frekar við Consello.

4. Erindi frá Hannesi Lárussyni og Bryndísi Hrönn Ragnarsdóttur, dags. 15. feb. 2023.

Í erindinu er gerð grein fyrir starfsemi og framtíðarsýn Íslenska bæjarins og því velt upp hvort Héraðsnefnd hafi áhuga á að styrkja reksturinn svo starfsemin geti vaxið og dafnað. Framkvæmdastjórn þakkar kærlega fyrir gott og áhugavert erindi en sér sér ekki fært að verða við beiðninni.

5. Vorfundur Héraðsnefndar 2023

Framkvæmdastjórn samþykkir að vorfundur Héraðsnefndar verði haldinn í Flóahreppi þann 28. apríl 2023.

6. Ársreikningar stofnana Héraðsnefndar 2022 – staðan á endurskoðun

Formaður gerði grein fyrir stöðu endurskoðunar ársreikninga stofnana Hérðasnefndar. Endurskoðun gengur vel og gert er ráð fyrir að endurskoðun ljúki á næstu dögum. Framkvæmdastjórn samþykkir ársreikning Hérðasnefndar fyrir sitt leiti og verður hann lagður fram til samþykktar á vorfundi þann 28. apríl n.k.

7. Húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árnesinga – staða mála.

Farið var yfir stöðuna á húsnæðismálum Héraðsskjalasafnsins. Á aukafundi Héraðsnefndar sem haldinn var í janúar 2023 var samþykkt að kaupa húsnæði að Hellismýri 8 á Selfossi. Öll sveitarfélög nema eitt eru búin að samþykkja að gangast í ábyrgðir fyrir kaupunum. Í lok fundar fór framkvæmdastjórn í vettvangsferð að Hellismýri 8.

8. Næsti fundur

Framkvæmdastjórn samþykkir að næsti fundur verði haldinn 14. apríl kl.12:10 í fjarfundi.

Fundi slitið 14:07

Sandra Sigurðardóttir ritaði fundargerð.

Helgi Kjartansson

Arna Ír Gunnarsdóttir

Sandra Sigurðardóttir

Kjartan Björnsson

Gestur Þór Kristjánsson

Ingibjörg Garðarsdóttir



Fundargerð

10. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs. kjörtímabilið 2022 – 2026. Fundurinn var haldinn í gegnum fjarfundarbúnað, 14. apríl 2023 og hófst hann kl. 12:10.

Mætt voru: Helgi Kjartansson formaður, Sandra Sigurðardóttir, Kjartan Björnsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Gestur Kristjánsson og Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður.

1. Fundarsetning

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Engar athugasemdir komu fram vegna fundarboðs.

2. Ársreikningar stofnana Héraðsnefndar 2023

Formaður kynnti ársreikninga stofnana Héraðsnefndar fyrir árið 2023. Umræður urðu um ársreikningana sem verða lagðir fyrir vorfund Héraðsnefndar sem haldinn verður 28. apríl nk.

3. Vorfundur Héraðsnefndar 2023

Farið var yfir skipulag og dagskrá vorfundar Héraðsnefndar sem haldinn verður á Hótel Vatnsholti í Flóahreppi 28. apríl nk.

4. Málefni Alviðru og Öndverðarnes II

Lögð voru fram drög að samningi við Landvernd vegna makaskipta á jörðunum Alviðru í Ölfusi og Öndverðarnesi II í Grímsnes- og Grafningshreppi. Öndverðarnes II verður eftir makaskiptin eign Héraðsnefndar og Alviðra verður eign Landverndar.

Framkvæmdastjórn felur formanni og Smára Kolbeinssyni að ganga frá samningi sem stefnt er að undirrita 18. apríl nk.

5. Kjör Héraðsnefndar í fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands, erindi dags. 28. mars 2023.

Framkvæmdastjórn samþykkir að Helgi Kjartansson verði fulltrúi Héraðsnefndar í fulltrúaráði Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands.

6. Húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árnesinga - staða mál.

Farið var yfir stöðu húsnæðismála Hérðasskjalasafnsins.

7. Tryggingamál stofnana Hérðasnefndar.

Lagður fram tölvupóstur frá Consello dags. 13. apríl 2023 vegna tryggingamála stofnana Héraðsnefndar.

Framkvæmdastjórn felur formanni að taka tilboði Consello.

8. Næsti fundur

Framkvæmdastjórn samþykkir að fela formanni að boða næsta fund þegar þörf krefur.

Fundi slitið 12:44

Sandra Sigurðardóttir ritaði fundargerð.

Helgi Kjartansson

Kjartan Björnsson

Arna Ír Gunnarsdóttir

Sandra Sigurðardóttir

Gestur Þór Kristjánsson

Ingibjörg Garðarsdóttir



**2. fundur framkvæmdaráðs Almannavarna Árnessýslu, haldinn á Teams
þriðjudaginn 25. apríl 2023 kl 15:00.**

Mætt: Fjóla Kristinsdóttir formaður, Ásta Stefánsdóttir varaformaður, Geir Sveinsson ritari,
Pétur Pétursson framkvæmdastjóri, Lárus Kristinn Guðmundsson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem
ritaði fundargerð.

1. Ársreikningur 2022

Ársreikningur 2022 lagður fram af framkvæmdastjóra Almannavarna Árnessýslu.
Ársreikningurinn samþykktur af framkvæmdaráði.

Fundi slitið kl. 15:30



Almannavarnir Árnessýslu

Fundur Almannavarnarnefndar Árnessýslu, haldinn þriðjudaginn 17. janúar 2023 kl: 16:00 í fjarfundí á TEAMS.

Mætt: Ásta Stefánsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Björn Ingi Jónsson, Brynhildur Ásta Harðardóttir, Díana Óskarsdóttir, Elliði Vignisson, Halldór Hólmar Harðarson, Haraldur Þór Jónsson, Hulda Kristjánsdóttir, Karl Eyjólfur Karlsson, Lárus Kristinn Guðmundsson, Margrát Harpa Garðarsdóttir, Pétur Pétursson, Sveinn K. Rúnarsson, Iða Marsibil Jónsdóttir, Víðir Reynisson, Grímur Hergeirsson, Oddur Árnason og Bragi Bjarnason.

Varaformaður setti fund í forföllum formanns. Fundarefnið er spá um leysingar í lok vikunnar.

Grímur greindi frá tilefni fundarins og gaf Birni Inga orðið sem fór stöðu mála og niðurstöður fundar með Veðurstofunni sem haldinn var fyrr í dag. Kólna á á fimmtudag, en hlýna á föstudag og verða frostlaust undir morgun og gert ráð fyrir mikilli rigningu sunnanlands, 25 til 30 mm. Eftir 12-18 tíma af þíðu sé gert ráð fyrir að kólni aftur. Enn er nokkur óvissa í kortunum og mun Veðurstofan ekki gefa út fyrr en á morgun eða fimmtudag hvort búast megi við asahláku. Meiri ís er í ám en verið hefur oft áður og erfitt að segja til um hve hátt Hvítá getur rutt sig, nefnt hefur verið allt uppfyrir Gullfoss og þá gæti mikið vatn skilað sér.

Fylgst er mað stöðu mála vegna Stóru-Laxár, þar sem brúarsmíði stendur yfir. Björn Ingi sýndi myndir af ám á svæðinu, sem eru nánast ísilagðar og krapastífla við Laugardælaeyju.

Gert er ráð fyrir að aðgerðastjórn komi saman á fimmtudag til upplýsingafundar.

Elliði spurði um kort af þekktum flóðasvæðum. Oddur sendi slóð á skýrslu Emanuels Pagneaux frá 2019 https://www.vedur.is/media/vedurstofan-utgafa-2019/VI_2019_013.pdf um þekkt flóðasvæði.

Drög að fréttatilkynningu voru lesin yfir og samþykkt og verður fréttatilkynning send út eftir fundinn og önnur eftir fund sem áætlað er að halda með Veðurstofunni á fimmtudaginn.

Fundi slitið kl. 16:17.

Fundargerð ritaði Ásta Stefánsdóttir, varaformaður

Glærur og myndir frá fundinum fylgja fundargerðinni.

Veðurspá

- 17. 1 Dag og næstu nótt norðanátt sem gengur hægt niður
 - 18.1 kólnar og má búast við allt að 22 stiga frosti
 - 19.1 hlýnar og líkur á að verði frostlaust um kl 6 um morguninn
 - Mikil rigning sunnanlands 25 til 30 mm
 - 20.1 laugardag kólnar aftur upp úr miðnætti
- Veðurstofan tel en einhverja óvissu í hversu mikil hlýindin verða


Stóra Laxá – brúarsmíði – 15.01.2023



Stóra Laxá – brúarsmíði – 15.01.2023




Hvítá suður af Kiðjabergi



Hvítá frá Austurkoti til norðurs



Ölfusá og Ósabotnar 17.01.2023



Ölfusá og Ósabotnar 17.01.2023



Drög fréttatilkynning

Almannavarnanefnd Árnессýslu kom saman til fundar í dag. Fyrir liggja upplýsingar um að flestar ár á Suðurlandi séu ísi lagðar og að líkur eru á að lægð gangi yfir landið á föstudag með nokkrum hlýindum og úrkomu. Farið var yfir stöðuna og veðurspá eins og hún liggur fyrir í dag með þeim fyrirvara að nokkur óvissa er um framgang hennar. Aðgerðastjórn verður kölluð saman til upplýsingafundar í eftirmiðdaginn á fimmtudag þar sem nýjustu veðurspár verða yfirfarnar.

Enda þó umfjöllun undanfarna daga snúi helst að mögulegum flóðum vill nefndin beina því til íbúa að þeir hugi að hættu af grýlukertum á húspokum, mögulegum leka þar sem snjór á þökum og svölum bráðnar og ekki síst að hreinsa frá niðurföllum þannig að leysingavatn eigi greiða leið niður. Þá eru eigendur útigangshrossa á þekktum flóðasvæðum beðnir að huga að því hvort efni séu til að koma þeim á hærra land fari svo að ár ryðji sig.